

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 2. desember 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-143/2010:

### I

Hinn 11. nóvember sl. bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa sinna á fatnaði hjá Y. Segir hún seljanda hafa látið sig greiða kr. 3.990 of mikið fyrir fatnaðinn miðað við auglýst verð og gerir kröfu til þess að seljandi endurgreiði sér þá fjárhæð.

Með bréfi, dags. 15. nóvember, var seljanda gefinn kostur á því að andmæla kröfu álitseiftnda og bást andmælin 17. nóvember. Í andmælnum kemur fram að seljandi óskar eftir því að endurgreiða álitseiftnda umkrafða fjárhæð og að fá sendar til sín upplýsingar um reikningsnúmer og kennitölu álitseiftnda þannig að hann geti greitt umkrafða fjárhæð á reikning álitseiftnda. Í tilefni af þessu boði seljanda ritaði kæruneftndin álitseiftnda svohljóðandi bréf, dags. 17. nóvember sl.

„Í dag móttók kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa andsvör Y við álitseiftni þinni frá 11. nóvember sl. er varðar fatakaup. Í andsvörunum kemur fram að seljandi er reiðubúinn til þess að ganga að þeim kröfum sem þú setur fram í álitseiftninni, þ.e. að endurgreiða þér kr. 3.990. Það eru eindregin tilmæli kæruneftndarinnar að þú gefir seljanda upp inn á hvaða bankareikning hann getur greitt þessa fjárhæð eða sendir kæruneftndinni upplýsingar um reikninginn sem hún mun síðan koma á framfæri við seljanda. Þegar greiðslan hefur farið fram mun kæruneftndin fella málið niður. Verðir þú ekki við þessum tilmælum kæruneftndarinnar má búast við því að hún felli málið niður engu að síður þar sem álitseiftandi myndi með því móti koma í veg fyrir að seljandi geti fullnægt kröfum hans. Rétt er að taka fram að þegar svo stendur á sem í þessu máli, þ.e. að seljandi hefur boðist til þess að ganga að kröfum álitseiftnda, á álitseiftandi ekki rétt á því að kæruneftndin gefi sérstakt álit í viðkomandi máli.

Þér eru hér með send framangreind andsvör til upplýsingar, sbr. ákvæði í 8. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Ekki er ætlast til þess að þú sendir kæruneftndinni athugasemdir við andsvörin en að sjálfsögðu er þér það heimilt. Frestur til þess að senda nefndinni athugasemdir og að senda seljanda eða kæruneftndinni upplýsingar um bankareikning er til miðvikudagsins 24. nóvember nk.“

Samkvæmt kvittun sem send var kæruneftndinni 2. desember 2010 hefur Y greitt álitseiftnda umkrafða fjárhæð. Þar sem seljandi hefur með þeim hætti gengið að kröfum álitseiftnda eru ekki efni til þess að kæruneftndin gefi álit sitt á ágreiningnum og fellir því málið niður.

### II

**Álitsorð**  
Álitsbeiðni X er felld niður.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Ólafur R. Guðmundsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir